

stjórnarinnar með samþykki amtsins eða landshöfðingja. En ef svo er, að bæjarstjórnin sjálf ekki æskir eftir að meta endurgjaldið og það ekki áður er ákveðið með sérstökum samningi, má bæjarstjórnin ákveða, að endurgjaldið sé metið af tveimur óvilhóllum mönnum, er rétturinn útnefni til þess, og ef bæjarstjórnin ekki unni mati þeirra eða sá er hlut á að máli, má leggja gjörðina undir yfirmat 4 manna, sem sé tilkvaddir á sama hátt.

Kærum manna yfir ákvörðunum bæjarstjórnarinnar eftir þessari grein liggja undir úrskurð landshöfðingja eftir 1. aprilmánaðar n. á., en amtmanns og hlutaðeigandi stjórnarráðs til þess tíma.

Bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar, 23. sept. 1872.

A. Thorsteinson. H. A. Sivertsen. Jón Pétursson.

Einar Þórðarson. O. V. Gíslason. Ó. Finsen.

Jón Árnason.

Samkvæmt tilskipun um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík af 20. apríl 1872, 31. gr., cfr. 32. staðfestist framanskriðuð samþykkt sem gildandi fyrir Reykjavíkurkaupstað.

Íslands stiptamt, Reykjavík, 9. október 1872.

Hilmar Finsen.

92. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um þóknun handa lækni fyrir embættisferð.

Útaf bænarskrá nokkurri, sem sýslumaðurinn í Skaptafells-sýslu hefir sent stiptsyfirvöldunum á Íslandi og mælt fram með, — en þar hefir settur héraðslæknir F. Zeuthen sókt um, að sér verði veitt endurgjald úr hinum íslenska lækna sjóði fyrir embættisferð þá, sem hann hefir farið til Skaptafells-sýslu samkvæmt bréfi dómsmálastjórnarinnar 24. janúar f. a.¹⁾, — hafið þér herra stiptamtmaður og þér, háæruverðugi herra, í bréfi, dagsettu 31.

¹⁾ Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 131.

1872.
9. oktr. ágústm. þ. á., stungið uppá, að sækjandanum verði veittir 25 rd. sem endurgjald fyrir ferð hans.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að eptir því sem á stendur leyfir stjórnarráðið, að borga megi hlutaðeiganda þetta skipti einungis, en án þess að gjöra það að reglu eptirleiðis, 25 rd. úr lækna sjóðnum, og mun verða gætt að því, að þeim lækni, sem kann að fá veitingu fyrir embættinu, verði veitt embættið með þeirri skyldu, að hann fari ferðir þessar kauplaust. Því skal við bætt, að sækjandanum, sem nú sem stendur er hér í bænnum, er sagt til um þetta.

14. oktr. **93. Bréf dómsmálastjórnarinnar til fjárhagsstjórnarinnar, um ferða-áætlun póstgufuskipsins árið 1873.**

Með bræfi, dagsettu 4. þ. m., hefir fjárhagsstjórnin sent hingað bréf frá aðalpóststjórninni, þar sem stungið er uppá, að ferða-áætlun póstgufuskipsins íslenszka fyrir yfirstandandi ár skuli og gilda fyrir árið 1873, þannig að skipið fari 7 ferðir milli Kaupmannahafnar og Reykjavíkur og leggi af stað svo að segja sömu dagana, sem ákveðnir eru á þessu ári, sigli þrisvar inn á Berufjörð, og komi við við Vestmanneyjar, þegar svo til hagar, að því verði við komið, og hefir fjárhagsstjórnin jafnframt borið þetta undir álit dómsmálastjórnarinnar.

Útaf þessu gefst fjárhagsstjórninni til vitundar, um leið og vèr sendum aptur fylgiskjalið, að dómsmálastjórnin fyrir sitt leyti hefir ekki neitt á móti því, að teknar verði til greina uppástungur aðalpóststjórnarinnar.